

Umhverfismat




Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað lýðheilsa í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að nemendur á mið- og unglingastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til leiðbeiningar um hvernig best er að framkvæma matið.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu










Nú þegar gert í skólastarfinu






Lýðheilsa



Hugur þekking




Er fjallað um tengsl heilbrigðs lífsstíls og umhverfismála?				
Vitið þið hvað orðið lýðheilsa þýðir?				
Fá nemendur fræðslu um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og hvað felst í honum?				
Er áhersla lögð á að fræða um andlega líðan og vita nemendur hvert þau geta leitað ef eitthvað bjátar á?				
Fá nemendur greinargóða kynfræðslu sem hentar hverju aldurstigi?				
Fá nemendur kennslu í líkamsbeitingu?				
Farið þið í jóga eða hugleiðslu í skólanum?				











Fá nemendur fræðslu um mataræði? 			
Er sterk forvarnarfræðsla í skólanum? Svo sem um sóttvarnir, slysavarnir, kynsjúkdóma, tannhirðu, einelti og vímuefni? 			
Fá nemendur fræðslu frá baráttusamtökum t.d. Samtökunum 78, Femínistafélagi Íslands, Stígamótum ofl? 			
Er skólinn í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing um ýmsa fræðslu tengda andlegum og líkamlegum málum? 			
Hvetur skólinn nemendur til góðra svefnvenja og fræðir nemendur um mikilvægi þess? 			







**Hjarta
skólinn og samfélagið**



Hafa nemendur tækifæri til að stunda hreyfingu innan skólans? 			
---	--	--	--

<p>Fá nemendur íþróttir sem þeir stunda utan skóla metnar?</p> 			
<p>Þjóða aðstæður á skólalóð upp á örugga hreyfingu?</p> 			
<p>Er almennt öruggt fyrir nemendur að ganga og hjóla í skólann?</p> 			
<p>Er hugað að vellíðan og andlegri líðan í skólastarfi?</p> 			
<p>Er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggileg samskipti innan skólans?</p> 			
<p>Upplifa nemendur streitu/kvíða í skólastarfinu?</p> 			
<p>Er matseðill mötuneytis í samræmi við ráðleggingar lýðheilsustöðvar og manneldisráðs?</p> 			
<p>Eru nemendur hvattir til þess að ganga eða hjóla í skólann?</p> 			
<p>Eru nemendur hvattir til þess að koma með hollt nesti?</p> 			
<p>Er hvatt til vatnsdrykkju í skólanum?</p> 			












<p>Er skólahúsnæðið heilsusamlegt? </p>			
<p>Er viðunandi loftræsting í skólahúsnæðinu? </p>			
<p>Er þægilegt hitastig í skólahúsnæðinu? </p>			
<p>Er hávaðamengun yfir viðmiðunarmörkum í skólahúsnæðinu? </p>			
<p>Eru einhverjar húsasóttir í skólahúsnæðinu? (raki, sveppur o.fl.) </p>			
<p>Er sálfræðiþjónusta aðgengileg fyrir nemendur? </p>			
<p>Geta nemendur leitað til aðila innan skólans ef eitthvað amar að andlega eða líkamlega? </p>			
<p>Vita nemendur af þeirri þjónustu sem heilsugæslan í þeirra nærumhverfi veitir? </p>			

<p>Er sjálfsmýnd nemenda styrkt og hlúð að henni? </p>			
<p>Hefur hugtakinu lýðheilsa verið fléttað inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni? </p>			
<p>Er skólinn að stuðla að náttúrutengingu sem getur haft jákvæð áhrif á líðan nemenda? </p>			
<p>Er skólinn að stuðla að jafnrétti  nemenda óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, kynhneigð, tungu, trú, skoðun, þjóðerni, uppruna, eignum, ættarni eða öðrum aðstæðum?</p>			



Hendur aðgerðir



Er tekið á samskiptavanda og eru gerðar kannanir á ánægju með samskipti, bæði meðal nemenda og starfsfólks?  			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við lýðheilsu? 			
Er skólinn í samstarfi við íþrótt- og tómstundaráð bæjarins?  			
Eru nemendur berskjaldaðir gagnvart einhverjum eiturefnum í skólahúsnæðinu eða á lóð skólans? 			
Er sveitarfélagið sem skólinn er í heilsuefandi samfélag? Ef já, er skólinn í samstarfi við sveitarfélagið um viðburði því tengdu?  			
Er skólinn Heilsuefandi skóli? 			
Er skólinn með virka stefnu gegn einelti?  			

Til umræðu:

- Hver eru tengsl heilbrigðs lífsstíls og umhverfismála?
- Af hverju skiptir líkamlegt heilbrigði máli?
- Af hverju skiptir andlegt heilbrigði máli?
- Hvað getur skólinn gert til að bæta líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks?
- Hvað getur þú gert til að bæta líkamlega og andlega heilsu þína?

Markmið og aðgerðir innan þemans lýðheilsa